



Sunddeild Keflavíkur

Aðalfundur Sunddeildar Keflavíkur 27. janúar 2014

1.mál Fundarsetning.

Falur Helgi Daðason formaður SK setur fundinn og býður alla velkomna. Hann minnir á heimasíðu Keflavíkur keflavik.is og segir frá því að þar sé að finna margvíslegar upplýsingar og fréttir um starf sunddeildarinnar.

2.mál Kosning fundarstjóra.

Falur lagði til að Guðmundur Bjarnason yrði fundarstjóri og var það samþykkt.

3.mál Kosning fundarritara.

Guðmundur leggur til að Gunnrún Theodórsdóttir verði fundarritari og var það samþykkt.

4.mál Fundargerð síðasta aðalfundar.

Guðmundur lagði fram fundargerð síðasta aðalfundar hún er aðgengilega á heimasíðu félagsins og útprentað eintak á staðnum. Fundargerðin var samþykkt.

5.mál Skýrsla stjórnar.

Falur fór yfir skýrslu stjórnar fyrir árið 2013. Skýrslan mun birtast á heimasíðunni eftir fundinn. Falur var með skemmtilega nýbreytni þar sem skýrslan var birt á skjá með myndum og einnig sýndi hann myndband af því þegar Íris Ósk varð norðurlandameistari í 200 metra baksundi.

6.mál Ársreikningar lagðir fram

Guðmunda Róbertsdóttir fór yfir ársreikninga deildarinnar fyrir árið 2013. Hagnaður var af rekstrinum upp á 2.193.727 kr.

Einar Haraldsson formaður Keflavíkur tók til máls og þakkaði góða skýrslu og fannst skemmtilegt að hafa hana svona myndræna. Hann talaði einnig um hvað það væri gróskumikið starf sem á sér stað innan sunddeildarinnar og að ÍRB væri að gera góða hluti. Hafði orð á því að reikningarnir væru glæsilegir og gaman væri að sjá að deildin væri að skila hagnaði, það væri samt ekki krafa frá aðalstjórn að svo væri.

Sigmar kom með ábendingu um að það vantaði inn í skýrslu stjórnar umfjöllun um Landsmótið á Selfoss þar sem Keflavík átti sundlið. Eins var líka lið frá Keflavík sem keppti á Unglingalandsmótinu á Höfn í Hornafirði. Falur þakkaði fyrir þessa ábendingu og ætlar að bæta þessu inn í skýrsluna áður en hún verður birt á netinu.

Kaffihlé

7.mál Kosningar

- a) Falur Helgi Daðason býður sig fram sem formaður. Engin mótframboð bárust og fékk Falur gott lófaklapp við kosningu.
- b) Gunnrún Theodórsdóttir og Hilmar Örn Jónsson gefa kost á sér til stjórnarsetu í 2 ár. Engin önnur framboð bárust og fengu þau gott lófaklapp við kosningu.
- c) Guðrún Jóna Árnadóttir og Guðný Magnúsdóttir bjóða sig fram í varastjórn. Engin önnur framboð bárust og fengu þær gott lófaklapp við kosningu. Einar Haraldsson benti á að það mættu vera 3 í varastjórn en það væri ekki nauðsynlegt.
- d) Daði Þorgrímsson og Margeir Þorgeirsson kosnir skoðunarmenn reikninga og Birgir Ingibergsson til vara.
- e) Kosning og skipan í nefndir og ráð vísað til stjórnar.

8.mál Æfingargjöld næsta árs ákveðin.

Ákvörðun um þau vísað til stjórnar. Samþykkt af fundarmönnum.

9.mál Fjárhagsáætlun næsta starfsárs.

Guðmunda lagði fram fjárhagsáætlun næsta árs 2014. Gerir þar ráð fyrir hagnaði upp á 250.000 kr.

10.mál Önnur mál.

Fyrst tók til máls Hrafnhildur móðir sundmanns í Framtíðarhópi og sagði frá því að eftir að hún fékk skoðunarkönnun frá Skólamat fékk hún þá hugmynd að sniðugt væri að gera skoðunarkönnun meðal foreldra í sundinu. Hún sagði að dóttir hennar væri mjög stressuð yfir mætingarskyldunni og þeim mætingarskilyrðum sem sett voru vegna æfingarferðar til Calella og hún talaði jafnvel um að hætta af þeim sökum.

Falur svaraði Hrafnhildi því að svona skoðunarkannanir hafa verið gerðar og komið mjög vel út og sýnt að það sé almenn ánægja bæði hjá foreldrum og sundmönnum og að þessi skoðanakönnun væri aðgengileg á vefnum okkar ([skoðanakönnun](#)). Sagði jafnframt að hann ætli að leggja til að það verði gerð ný könnun. Talaði líka um að það væri rétt að það eru gerðar kröfur um mætingar en tekið sé tillit til ef upp koma langvarandi veikindi eða meiðsli og bað Hrafnhildi um að vera í sambandi við hann ef eitthvað væri óljóst.

Næstur tók til máls Einar Haraldsson formaður aðalstjórnar Keflavíkur. Hann minnir á heimasíðuna keflavik.is og bendir stjórninni á að vera dugleg að setja inn á síðuna fréttir og myndir af þeim viðburðum sem eru í gangi hjá deildinni. Eins sagði hann frá því að það er ýmislegt sem hægt er að nálgast inn á síðunni eins og t.d. merki Keflavíkur. Hann minnir á að

Unglingalandsmót UMFÍ er á Sauðarkróki í ár og gerir ráð fyrir að aðalstjórn greiði þátttökugjöld fyrir sína félagsmenn. Hann þakkar foreldrum fyrir vel unnin störf þar sem svona starfsemi myndi ekki ganga án þeirrar sjálfboðavinnu sem þeir leggja út. Segir frá verkefni sem verið er að vinna hjá fræðslu- og verkefnastjórn UMFÍ um framtíðarsýn til ársins 2024. Aðalfundur Keflavík íþróttá- og ungmennafélags verður 24. febrúar 2014. Reglum um val á íþróttamanni Keflavíkur var breytt á síðast aðalfundi, þannig að 2013 var í fyrsta skipti valinn íþróttakarl og íþróttakona. Hefur það mælst vel fyrir. Í ár eru 20 ár síðan Keflavík íþróttá- og ungmennafélag varð til. Það er mikil hugur í mönnum að gera eitthvað á þeim tímamótum. Að lokum óskar hann deildinni velfarnaðar.

Sigurbjörg Róbertsdóttir formaður sundráðs ÍRB tók næst til máls og þakkar fráfarandi og nýrri stjórn gott samstarf. Segir að við eigum að vera stolt af samstarfi SK og SN undir merkjum Sundráðs ÍRB og því góða starfi sem þar er unnið. Eigum að fá það í gegn á gamlársdag við afhendingu viðurkenninga fyrir Íslandsmeistara ársins að þar komi sundmenn fram undir merkjum Sundráðs ÍRB þar sem sundmenn vinna sína titla undir þeim merkjum og eru stolt af því. Þakkar enn á ný gott samstarf.

Næstur tók til máls Júlíus Friðriksson hann var mjög ósáttur með að ekki hafi verið minnst einu orði á mál dóttur hans í skýrslu stjórnar þar sem mikil tími stjórnar hafi farið í hennar mál. Honum fannst það ótrúlegt að dómari ÍSÍ hafi vísað málinu frá á þeim forsendum að kærufrestur var útrunninn og að dómari hafi þar með ekki tekið afstöðu til málsins. Einnig fannst honum Sundráð ÍRB og yfirþjálfari ekki koma fram af heilindum í þessu máli. Hann sagðist vita um 6 börn sem ekki voru ánægð í sundi og taldi að fólk væri hrætt við að tjá skoðanir sínar, héldi að það myndi þá bitna á börnum þeirra. Það hlyti eitthvað að vera að þar sem 2 af bestu sundmönnum ÍRB væru að skipta um félag. Hafði heyrt af því að formaður ÍRB hefði hringt í aðila meðal annars yfirmann einhvers, sem voru að skrifa og tala um þetta mál opinberlega til þess að biðja um að ekki væri talað um þetta mál. Fannst eitthvað athugasvert við að það væri ekki á ferilskrá Anthony að hann hafi verið að þjálfar í Hong Kong. Vildi að það kæmi fram að í fundargerð frá 6.nóvember 2012 segir að fundurinn hafi verið sammála því að sundmenn ættu að vera í fyrirrúmi. Vildi meina að dóttir hans hafi aldrei fengið að njóta vafans. Lauk máli sínu með því að segja að bráðum yrðu öll gögn í þessu máli sjáanleg á netinu.

Guðmundur fundarstjóri sagði að ekki yrði farið í krufningu á þessu máli á þessum fundi þar sem það væri ekki hlutverk hans.

Næst tók Falur til máls og svaraði Júlíusi. Hann var ekki tilbúinn að fara í einhvern sandkassaleik í þessu máli. Hann talaði um að stjórnin hafi alltaf reynt að hafa hag sundmannsins að leiðarljósi til dæmis með því að nafngreina sundmanninn aldrei. Falur vildi taka það skýrt fram að það var ekki stjórnin sem fór með þetta mál í blöðin og opinberaði ólögráða einstakling. Það hafa mjög margir aðilar farið yfir þetta mál og margar klukkustundir farið í að reyna finna viðeigandi lausn á því. Þegar kært var til dómsstóls ÍSÍ var ekki verið að kæra fyrir einelti heldur var sundráðið kært fyrir að hugsa ekki um hag

sundmannsins og fara ekki eftir tilmælum frá Fagráði. Farið var fram á endurgreiðslu á sundsjóði en samkvæmt lögum félagsins er það óheimilt þar sem ekki má fjárafla í nafni sunddeildar Keflavíkur og nýta síðan peningana í eitthvað sem ekki viðkemur sundi. Talaði líka um að það væri ekki óalgengt að íþróttafólk væri ósátt við þjálfara sína og eins er það ekki óalgengt að íþróttafólk skipti um félög af ýmsum ástæðum. Hafði heyrt í báðum þeim aðilum sem voru að skipta um félag og ástæðan var aðallega sú að þau vildu æfa með sínum jafnöldrum. Við hjá ÍRB vitum að við verðum aldrei með mjög fullorðið lið þar sem enginn háskóli er hér á svæðinu og þess vegna leggjum við áherslu á að vera með gott aldursflokkalið. Vildi líka taka það fram að dómarrinn hjá ÍSí hefur rétt til að dæma í málum þó svo að kærufrestur sé liðin ef hann telur ástæðu til, sem hann greinilega taldi ekki í þessu tiltekna máli. Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar er einn af þeim mörgu aðilum sem farið hefur yfir þetta mál. Þar var farið vel yfir þetta allt og þar var þessu máli líka vísað frá þar sem þau fundu ekkert athugasvert við það hvernig stjórn sundráðs ÍRB tók á því. Skoðanakannanir sem sundráð hefur gert meðal foreldra og iðkenda í 3 elstu hópunum hafa komið mjög vel út. Þar kemur fram að líðan barna í sundinu er mjög góð og samskipti við þjálfara einnig. Falur lauk máli sínu á því að hann ætlaði ekki að fara dýpra í þetta á þessum fundi og vildi að lokum þakka aðalstjórn Keflavíkur fyrir þann stuðning sem hún hefur sýnt stjórn sunddeildarinnar í þessu máli.

Sigurbjörg Róbertsdóttir kom næst í pontu til að svara Júlíusi. Hún talaði um að mál dóttur Júlíusar hafi tekið mikinn tíma og margt hafi verið gert til þess að reyna leysa það frá því að það kom upp 18. september 2012. Henni fannst ótrúlegt að starfi hennar sem skólustjóri væri sífellt dregið inn í þessa umræða þar sem það kemur sjálfboðastarfi hennar fyrir sundráð ÍRB ekkert við en Júlíus og Guðrún hafa ítrekað reynt að draga inn í málið m.a. yfirmenn Sigurbjargar og samstarfsmenn með því að senda e-mail um hennar störf á þessa aðila. Hún hefur m.a. þurft að leita eftir aðstoð lögfræðings vegna þessa. Sigurbjörg hefur ekki viljað taka þátt í því að ræða þessi mál í dagblöðum eða netinu. Hefur hringt 2 eða 3 símtöl í aðila sem hafa verið að skrifa um þetta mál á opinberum vettvangi til þess að skýra okkar hlið á málinu, en hefur aldrei bannað neinum að tjá sig um þetta mál. Sagði líka frá því að ástæðan fyrir því að hún hringdi í yfirmann hjá Brunavörnum Suðurnesja væri að hún kærði sig ekki um að fá aðstoða hvorki í sinni vinnu eða á heimili sínu frá manni sem væri búinn að rakka sig niður í dagblöðum. Hún kynni ekki við það.

Guðmundur fundarstjóri talaði um að þetta mál hafi fengið mikla umfjöllun og ítrekaði að það væri ekki til afgreiðslu á þessum fundi og fengi ekki lausn hér og nú.

Að lokum tók Falur H. Daðason nýkjörin formaður til máls. Það kom honum virkilega á óvart að stjórnin og þar með talið formaðurinn skyldi öll vera endurkjörin ef svona mikil óánægja ríkir með störf hennar samkvæmt Júlíusi. Hann ætlar að láta fara fram nýja könnun og reyna efla en frekar foreldrastarfið hjá sunddeildinni. Hann talaði um að nú væri góður þjálfarahópur sem starfar hjá deildinni. Sund er erfið íþrótt bæði fyrir iðkendur og foreldra þeirra og þarf mikla skuldbindingu ef þú ætlar þér að ná árangri. Nafnlaus könnun sem gerð

var á netinu sýndi fram á að 99% af iðkendum í efstu hópnum eru ánægðir með þjálfarana sem við teljum að sé mjög gott. Hann kom aðeins að máli dóttur Júlíusar og sagði frá því að mjög margir aðilar hefðu komið að því, þar á meðal var óháður aðili sem horfði á æfingar hjá elstu hópnum og hafði orð á því að það kom á óvart hvað það var gaman hjá þeim á æfingu. Það er engin íprótt þar sem allir eru sáttir við þjálfarann. Hann sagði frá því að fyrir nokkrum árum hefði til dæmis heilt 16 ára landslið í körfubolta hætt en þar var viðhorfið að það er ekkert að því að hætta æfa. Hann ítrekaði að upphafði að máli dóttur Júlíusar hefði verið 18. september 2012 þegar hann sat og beið eftir dóttur sinni þá hafi yfirþjálfari komið að máli við hann og sagt honum að hann hefði áhyggjur af sundmanninum og teldi líklegt að hann vildi hætta að æfa og það þyrfti endilega að reyna fá hann ofan af því og það um að fundað yrði með foreldrum sundmannsins til að finna leiðir til að aðstoða sundmanninn. Farið var að vinna í því máli strax, en eftir eitt og hálf ár og mikla vinnu sem margir hafa komið að erum við enn stödd hér.

Falur þakkar að lokum fyrirverandi og núverandi stjórn gott samstarf á liðnu ári sem búið er að vera mjög erfitt. En við styrkjum hvort annað. Vildi líka þakka aðalstjórn Keflavíkur og Sunddeild Njarðvíkur fyrir samstarfið sem hefur gegnið mjög vel. Þakkaði Guðmundi fyrir fundarstjórnina og foreldrum og öðrum fundargestum fyrir mætinguna.

Sleit fundi kl: 21:43.

Fundinn ritaði Gunnrún Theodórsdóttir